

Ed.

254. Lög

um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Ed. 10. ágúst).

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn.

Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafn-

framt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask á óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, eftir gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.

Þvottahúseigandi ábyrgist gjaldið og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði i eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar sammingsveði eða aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum frá henni, er bæjarstjórn leggur.

5. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús i kaupstaðnum úr sjóveituæðunum.

6. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða cyða sjó að óþörfu eða vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar.

7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri

refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sá, sem veldur skemmdum með vitaverðu gáleysi, skal bæta skaðann.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 500 kr. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina.

9. gr.

Með mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.